

Sjö reglur til að innleiða sálarstjórn.

Hér verður reynt að gefa til kynna þær reglur sem ákvarða innri stjórn Helgivaldsins og móta því atburði heimsins.

Vandamál Helgivaldsins er tvíþætt:

1. Hvernig er unnt að víkka út vitund mannkynsins þannig að hún geti þróast frá þeim vísi sjálfsvitundar sem var í upphafi séreðlismyndunar til þeirrar fullkomnu heildisvitundar og samsömunar sem gerist þegar lokavígslurnar eru teknar?
2. Hvernig er unnt að tengja uppstreymandi orku fjórða náttúruríkisins svo náíð niðurstreymi orku andans, að önnur mikil tjáning Guðdómsins - heildistjáning - geti birst í gegnum mannkynið?

Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að meistarar Helgivaldsins hafa ekki persónulegan áhuga á leitendum sem einstaklingum. Áhugi þeirra á nemanum sprettur eingöngu af því hve mikið hann fæst við málefni sem varða heildisgagnsemi.

Einnig þarf að hafa í huga að núverandi tímar fela í sér tækifæri og umbrot sem aldrei áður hafa veist í sögunni, því er athygli Helgivaldsins beint sterklega að mannkyninu, því það vill nýta þetta tækifæri sem best til góðs fyrir heildina. Í þessu felst bæði ábyrgð og forsendur til væntinga.

Þessar reglur varða ekki þróun mannsins á Brautinni. Þær hafa mun víðfeðmara markmið, því þær varða allt svið þróunarinnar hvað mannkynið varðar, sérstaklega það sem snertir framlag þess til heildarinnar.

Þetta er því torskilið viðfangsefni og ólíklegt að fullkominn skilningur náist. Hann mun aðeins birtast í ljósi seinni tíma þróunar vísinda og andlegs þroska. Rétt er að hugleiða þessi at-
riði, en vera ekki of fljótur að mynda sér skoðun, því hægt er að tjá starf Helgivaldsins á margan hátt, og túlkunin er háð gerð hugans.

Markmið þessara reglna.

1. Fyrsta og helsta markmiðið er að setja á stofn útstöð fyrir vitund Guðs í sólkerfinu með til-
stilli mannkynsins. Þetta er sambærilegt stórheimslega við tengsl meistarans við heildi
lærisveina sinna. Sé þetta hugleitt gefur það vísbendingar um mikilvægi starfs okkar í
plánetuskilningi.
2. Að stofnsetja á jörðinni máttarstöð og orkumiðstöð af slíkum áhrifum og mætti að mann-
kynið í heild sinni geti orðið áhrifaafli í sólkerfinu til að koma á einstæðum breytingum og
atburðum í plánetulífinu og lífunum (þar með í sólkerfinu) og hefja starfsemi sem varðar
önnur sólkerfi.
3. Að byggja upp máttarstöð ljóss, með atbeina fjórða náttúruríkisins, sem mun ekki aðeins
þjóna plánetunni, og ekki eingöngu okkar eigin sólkerfi, heldur sólkerfunum sjö, en okkar
kerfi er eitt þeirra. Þetta viðfangsefni um ljósið, sem tengist mjög litum hinna sjö geisla, er
ennþá aðeins vísindi á frumstigi, og því er gagnslaust að fjalla nánar um það að sinni.

4. Að byggja upp máttarstöð segulorku í alheiminum. Í henni munu mannkynið og ríki sálnanna, sameinuð og samfjölluð, verða miðstöð gífurlegs máttar og munu þjóna hinum þróuðu Lífum innan áhrifasviðs ÞESS SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR.

Reglurnar sjö:

1. regla: *Tilhneiging, eðlislæg og óafmáanleg, til samruna og samfjöllunar.*

Þetta er lögmál eða regla sjálfs lífsins.

1. Afleiðingin sem snýr að forminu er eyðing og niðurbrot ásamt meðfylgjandi sársauka og sorg. Afleiðingin sem snýr að lífinu hið innra er lausn, frelsun og meðfylgjandi útþensla.
2. Þessi tilhneiging er grunnorsök fyrir allar tegundir vígslna - einstaklings, kynþáttar, plánetu og sólkerfis.
3. Hún er afleiðing af viljaathöfn, sem er svar við skynjun á eðlislægum tilgangi Guðs. Hún stjórnast samt sem áður af þeim skilningi Plánetulogossins að áætlun Hans er takmörkuð og hluti enn stærri áætlunar - áætlunar Sólarlogossins. Guð, Sólarlogosinn, mótast einnig af enn æðri lífs-tilgangi.

2. regla: *Eiginleiki hinnar duldu sýnar.*

1. Hin útræða birting eiginleikans veldur efnislegri sjón, blekkingum geðheimsins og hlutlægri þekkingu. Hin innræða birting hans veldur uppljómun. Það felur í sér hið útbreidda ljós sem plánetan endurspeglar í himingeimnum, ásamt því sem gerir einstaklinginn að ljósbera, og mun um síðir gera mankyninu kleift að mynda í heild sinni máttarstöð ljóss á jörðu.
2. Þessi eiginleiki er grunnorsök allra skynjana skynfæranna og er hin eðlislæga hvöt til vitundar í öllum sínum mörgu myndum. Helgivaldið verður að vinna með þennan eiginleika, efla hann og gefa honum segulmagnaðan mátt.
3. Hann er æðsta afleiðing löngunar, sem sjálf er óaðgreinanlega byggð á viljanum til að mynda áætlun og tilgang.

3. regla: *Hvötin til að mynda áætlun.*

Þessi hvöt ræður allri starfsemi sem greinist á þróunarbrautinni í virkni eðlishvata, virkni vitsmuna, virkni innsæis eða tilgangs, og virkni uppljómunar, hvað mannkynið varðar. Þetta varðar þá deild Helgivaldsins sem starfar með mankyninu. Æðri stig formaðrar virkni eru mörg og mismunandi og eru öll samfjölluð undir þriðja geisla virkninnar, sem nú er innstilltur í sjöunda geislanum.

1. Í útræðri birtingu leiðir þessi skipulagseiginleiki til aðgreindrar og eigingjarnrar starfsemi. Í innræðri birtingu leiðir hann til víðtækrar samvinnu sem leiðir allar orkueindir í öllum formum til þess verkefnis að stuðla að einingu. Þetta er að gerast í heiminum í dag. Það er tilhneigingin til sameiningar sem leiðir einstaklinginn fyrst og fremst til að ná persónusameiningu, og síðan til að forna persónuleikanum til góðs fyrir hina stærri heild.
2. Hún er frumorsök sjálfrar þróunarinnar - hvað varðar einstakling, plánetu og sólkerfi.
3. Þessi hvöt er afleiðing af þroska manas eða hugans og birtingu vitsmunanna. Hún er sá sérstaki eiginleiki eða eðlishvöt sem mannkynið notar til að tjá orku Fyrsta geislans sem birtist í Tilgangi, nærður á þrá og ummyndaður í vitræna starfsemi.

4. regla: *Þrá eftir skapandi lífi sem birtist í gegnum hinn guðlega hæfileika ímyndunarinnar.*

Þessi þrá, eins og auðveldlega má sjá, er nátengd Fjórða geisla samræmis, sem framkallar einingu og fegurð, sem vinnst með baráttu andstæðnanna.

1. Í útræðri birtingu leiðir hún til styrjalda, baráttu og formbygginga sem síðar verður að eyða. Í innræðri birtingu leiðir hún til eiginleika, geislunaráhrifa og opinberunar á *heimi tilgangsins* hér á jörðu.
2. Hún er því frumorsök þess fíngerða og óljósa frumkjarna eða opinberunar sem er að leitast við að tjá sig í sérhverju ríki náttúrunnar. Það virðist ekki vera til nein betri hugtök til að tjá þessa duldu fegurð sem verður að opinbera en *Opinberun tilgangs eða merkingar*. Þetta er nú þegar hafið.
3. Hún er afleiðing af hæfni innri vitundarinnar - sem stundum er góð og stundum miður góð - til að sýna fram á hve mikið hún lætur stjórnast af Áætluninni, og hvernig hún bregst við hinni stærri ætlun. Helgivaldið treystir á að þessi svörun sé virk, því Það leitast við að gera hinn dulda tilgang að aðalmarkmiði fyrir viðleitni vitundar mannsins.

5. regla: *Þáttur greiningarinnar.*

Þessi regla kann að vekja furðu hjá þeim sem hættir til ofnotkunar á hæfninni til aðgreiningar, flokkunar og gagnrýni. Þetta er samt sem áður guðlegur frumeiginleiki sem leiðir til viturlegrar þátttöku í Áætluninni og hæfni í athöfn.

1. Í útræðri birtingu greinist hann sem tilhneiging til að aðgreinina, deila og skipta í andstæðar fylkingar. Í innræðri birtingu leiðir hann til þess skilnings sem veldur samsömun, vegna fjölþættari möguleika og dýpri næmni.
2. Hann er frumhvötin sem leiða mun til framkomu æðra náttúruríkis en mannkynsins, þess sem er fyrst og fremst ríki sálarinnar, hann mun valda raunbirtingu fimmta náttúruríkisins, ríki guðanna. Takið eftir þessum orðum.
3. Hann er afleiðing af virku starfi sona Guðs, sona hugans, og er skerfur þeirra til heildar framlags plánetunnar til hinnar stærri Áætlunar sólkerfisins. Helgivaldið er sjálft ytri og innri raunbirting á fórn hinnar guðlegu Manasapútra (eins og þeir eru nefndir í Secret Doctrine), og meðlimir Helgivaldsins bregðast við skynjun þeirra á Áætluninni fyrir heildina. Helgivaldið er í eðli sínu vísir eða frumkjarni fimmta náttúruríkisins.

6. regla: *Hinn eðlislægi eiginleiki mannsins til að vinna með hugsjónir.*

Hann byggist á árangri Áætlunarinnar. Samkvæmt Áætluninni var leitast við í upphafi að vekja hjá mannum eftirfarandi svörunir: - rétta löngun, rétta hugsýn og rétt skapandi starf, sem byggist á réttri túlkun hugsjóna. Þetta þriggreinda markmið er mikið íhugunarefni.

1. Útræð birting hans hefur leitt til efnislegrar löngunar, sem um síðir hefur valdið grimmd og oft miklum óhæfuverkum. Innræð birting hans hefur leitt til fórnar, einbeitrar sóknar að markmiði, framfara á Brautinni og trúarhollustu.
2. Hann er frumorsök allra skipulagðra samtaka og samvinnu. Hugsjón Helgivaldsins er hin skilgreinda Áætlun. Henni er beint til mannkynsins í formi hugmynda, sem verða þegar tímar líða að hugsjónum, sem menn munu þrá og berjast fyrir. Til að raunbirta þessar hugsjónir, kemur til sögunnar tilhneigingin til skipulags.
3. Hann er á sérkennilegan hátt afleiðing af starfi sérstaks hóps heimsþjónenda, sem mannkynið þekkir undir nafninu Heimsfrelsarar. Þeir eru stofnendur þeirra hugforma sem verða farvegir fyrir guðlegar hugmyndir sem gerast hugsjónir fjöldans á öllum sviðum mennskrar hugsunar. Sérhver mikill heimsleiðtogi er um leið “Frelsari sem þjáist.”

7. regla: *Samspil hinna miklu andstæðuaflla.*

Fyrir virkni og samspil þessara andstæðuaflla, og fyrir árangurinn sem næst (því alltaf verður til þriðji þátturinn af samspili hinna tveggja) aðlagast allur hinn raunbirti heimur að stefnu hins guðlega Tilgangs. Þetta er ekki augljóst manningum sem er á kafi í smáatriðum hins daglega lífs, en ef hann gæti aðeins séð plánetulífið eins og það birtist fyrir augum sjálfra meistaranna, myndi hann sjá meginrættina birtast í allri sinni fegurð, og frumdrættina í hugsun Guðs fyrir heiminn birtast í skýrari dráttum og fyllri samfjöllun og fegurð smáatriða en nokkru sinni fyrr.

1. Útræð birting þess skynjast sem tilfinning fyrir því að vera fangi tímans, fórnarlamb hraðans og þeirra ófrávíkjanlegu krafta allrar starfsemi lífsins sem hafa áhrif á hinn fangaða mann. Innræð birting þess leiðir til háttbundinnar lífshrynjandi og meðvitaðrar aðlögunar orku að nánasta verkefni og markmiði.
2. Það er eðlilega frumorsök að birtingu forma og eyðingu þeirra, bæði mennskra og þeirra sem menn hafa mótað.
3. Það er afleiðing af sameiningu sem unnin er á efnissviðinu, sem þannig mynda hinar lægri einingar, á sama hátt og þær einingar sem hingað til hafa verið myndaðar í vitund mannsins hafa falist í sálsameiningu. Hinar æðri sameiningar, sem hingað til hafa orðið á sviði hugans, verða nú að birtast um síðir á efnissviðinu.

Þessar sjö reglur fjalla í raun um þær frumhvatir og eðlislægar tilhneigingar í hinni guðlegu birtingu sem munu að lokum leiða til birtingar Yfirsálarinnar á plánetunni okkar.

Mannkynið myndar eina af hinum grundvallandi “upprunalegu orkumiðstöðvum” sem getur og mun mynda útstöð hinnar guðlegu vitundar, tjáningu hinnar guðlegu sálar sem birta mun um síðir eftirfarandi þrjá megin sálræna eiginleika guðdómsins: Ljós, Orku og Segulmátt. Hjá einstaklingnum, hinni smáheimslegu endurspeglun stórheimsins, eru þessir eiginleikar tjáðir með orðunum: Uppljómun eða viska, Virkir vitsmunir og Aðlöðun eða kærleikur. Rétt er að íhuga þessa tilraun til að einfalda hina guðlegu eigindir með orðum, og gefa þannig til kynna hvernig þær geta tjáð sig í og um hið mennska starfstæki.

Þessar reglur tjá sig jafnt á öllum sjö geislunum, og þær leiða til birtingar vitundar á jörðinni í sérhverju formi. Við munum fyrst fjalla aðallega um hina stærri heild án þess að leggja sérstaka áherslu á aðgreiningu hennar í geislunum. Geislarnir sjö lita eða móta hinar guðlegu frumhvatir og krafta, en það er ekki allt og sumt. Þeir eru sjálfir undir stjórn þessara máttar-aflla. Hafa verður í huga að geislarnir eru hinar sjö meginbirtingar hins guðlega eiginleika eins og hann afmarkar markmið Guðdómsins.

A. Tilhneigingin til samfjöllunar.

Fyrsti þátturinn sem leiðir í ljós hið guðlega eðli, og hinn fyrsti mikli sálræni eðlisþáttur Guðs, er tilhneigingin til samfjöllunar. Þessi tilhneiging flæðir í gegnum alla náttúruna og allar vitundir og er lífið sjálft. Hin mólandi hvöt Guðs, helsta þrá Hans beinist að einingu og samruna. Það var þessi tilhneiging eða eiginleiki sem Kristur leitaðist við að opinbera og tjá fyrir mannkynið. Hið máttuga ákall hans, sem tjáð er í Jóhannesarguðspjalli 17. kafla, er köllun til samfjöllunar og hvatning til okkar, sem fjórða ríkis náttúrunnar, að stefna í átt að markmiðinu:

“Ég er ekki lengur í heiminum, en þeir eru í heiminum, og ég kem til þín. Heilagi faðir, varðveit þá í þínu nafni, er þú hefur gefið mér, til þess að þeir séu eitt eins og við. . . .

Ég hef gefið þeim orð þitt, og heimurinn hefur hatað þá, af því þeir heyra ekki heiminum til, eins og ég heyri ekki heiminum til.

Ekki bið ég að þú takir þá úr heiminum, heldur að þú varðveitir þá frá illu. Þeir heyra ekki heiminum til, eins og ég heyri ekki heiminum til. . . .

Ég bið ekki einungis fyrir þessum, heldur og fyrir þeim sem trúá á mig fyrir orð þeirra; allir eiga þeir að vera eitt; eins og þú, Faðir, ert í mér og ég í þér, eiga þeir einnig að vera í okkur; til að heimurinn skuli trúá að þú hafir sent mig.

Og dýrðina, sem þú hefur gefið mér, hef ég gefið þeim, til þess að þeir séu eitt, eins og við erum eitt. . . .

Faðir, ég vil að þeir sem þú gafst mér séu einnig hjá mér þar sem ég er, til að þeir sjái dýrð mína, sem þú hefur gefið mér; því þú hefur elskað mig áður en heimurinn var grundvallaður”.

Hér er okkur bent á samfjöllun sálar og anda, og einnig er lögð áhersla á samfjöllun sálar og efnis, og þannig er einingin fullkomnuð og hinn þráði samruni.

Tilhneigingin til samfjöllunar er að finna í grundvelli allra heima, stjörnukerfa, sólkerfa, pláneta og náttúruríkja, eins og það einnig er í starfi og árangri mannsins - einstaklingsins. Þessi hvöt er ráðandi eðlishvöt sjálfrar vitundarinnar, og vitundin er sálin sem birtir hið efnislega líf; hún er varuð - í lægri ríkjum náttúrunnar, hjá manningnum og hinu guðlega. Hjá manningnum er um að ræða eftirfarandi sálfræðilegar eigindir:

1. *Eðlishvöt*, tilheyrandi undirmeðvitundinni, en verndar lífkerfið og ræður flestum venjum og lífi þess. Stórum hluta tilfinningalífsins er stjórnað á þann hátt. Eðlishvöt stjórnar lægri orkustöðvum mannsins með milligöngu sólarplexus-stöðvarinnar.
 2. *Vitsmunir*, sem er hin vitsmunalega sjálfsvitund sem leiðir og stjórnar starfsemi hins sameinaða persónuleika, með atbeina hugans og heilans, og starfar í gegnum háls- og ennisstöðina.
 3. *Innsæi*, sem tengist fyrst og fremst heildisvitund og mun um síðir ráða öllum samskiptum okkar innbyrðis, þegar við störfum í hópeiningum. Það notar hjartað og hjartastöðina, og er hin æðri eðlishvöt sem gerir manningnum kleift að bera kennsl á sál sína og lúta henni, stjórn hennar og lífsáhrifum.
 4. *Uppljómun*. Þetta orð ætti í raun að nota sem skilgreining á yfirmennskri vitund. Þessi guðlega hvöt gerir manningnum unnt að gera sér grein fyrir þeirri heild sem hann er hluti af. Hún starfar í gegnum sálinu og hagnýtir höfuðstöðina og fyllir um síðir allar orkustöðvarnar með ljósi eða orku, og tengir með því móti manningnum vitundarlega séð við alla tilsvareandi þætti hennar guðlegu Heildar.
- Það er þessi tilhneiging með verkun sinni í gegnum vitund mannsins, sem hefur leitt til myndunnar hinna risastóru borga nútímans - sem tákn hennar komandi æðri menningar sem við nefnum ríki Guðs, þar sem samskipti milli manna munu verða ákaflega náin sálrænt séð.
 - Þessi eðlishvöt er forsenda fyrir þeirri tilfinningu mannsins að hann sé ódauðlegur, og hún er trygging hans fyrir sameiningu hans við gagnstæðan pól persónuleikans - sálinu.
 - Þar sem þetta er ein eigind Guðdómsins, ásamt því að vera guðleg hvöt og þar af leiðandi hluti af lífi undirvitundar Guðs, er augljóst að engin raunveruleg þörf er á neinum ótta eða kvíða. Eðlishvatir Guðs eru sterkari, máttugri og hreinni en eðlishvatir mannkynsins, og þær hljóta að sigra um síðir og birtast í fullum blóma og tjáningu. Allar þær lægri eðlishvatir sem maðurinn þarf að berjast við eru ekkert annað en afbökun raunveruleikans í tíma og rúmi; af því leiðir gildi hennar dulfræðilegu kenningar, að með því að íhuga hið góða,

fagra og sanna ummyndi maðurinn lægri hvatir sínar yfir í æðri guðlega eiginleika. Hinn aðlaðandi máttur innra eðlis Guðs, með hæfni sinni til samfjöllunar, aðlöðunar og blöndunar, tengist og vinnur saman með hinum óbirtu og duldu hvötum mannsins sjálfs, og gerir endanlega sameiningu hans við Guð, í lífi og tilgangi, óhjákvæmilegan og ófrávikjanlegan atburð.

- Þessa eðlishvöt eða tilhneingingu til samfjöllunar og sameiningar má tengja við lögmál heimsins og náttúrunnar. Hún er nátengd Aðlöðunarlögmálinu og lögmáli samfelldninnar.
- Lát nemandinn rannsaka það sem er að gerast í umhverfi sínu með hliðsjón af Áætluninni og þeirri þekkingu sem veitt hefur verið, og lát hann rekja sjálfan hvernig eðlishvöt Guðdómsins kemur fram í atburðum heimsins og sínu eigin lífi. Hann verður að gera sér grein fyrir því að hann býr sjálfur yfir sálrænu eðli sem er hluti stærri heildar, og er því háð áhrifum frá guðlegum uppsprettum. Lát hann rækta með sér tilhneiginguna til samfjöllunar; lát hann gera orðin: “Ég mun leitast við að vera laus við aðgreiningarkennd í vitund minni,” að einni af lykilhugsun sinni í daglegu lífi sínu.
- Skilningur á eðli þessarar knýjandi sálrænu eigindar Guðs ætti að gera manningum unnt að leggja sína sálrænu viðleitni á sveif með þessum guðlegu tilhneigingum sem eru að birtast. Hann mun leitast við að sameinast lífinu í öllum formum og hafna öllum tilhneigingum til að bregðast við á aðgreinandi hátt, því hann veit að slík viðbrögð tengjast hinum eðlislægu og erfðu sálrænu eigindum atóma efnisins sem form starfstækja hans er byggt úr. Þetta efni er ættað úr fyrri sólkerfistíma og endurnýtt í formbyggingu í núverandi birtingu Guðs. Það ber með sér eigindir efnislegs lífs frá fyrri heimsbirtingu. Það er engin önnur illska til.
- Mikið hefur verið rætt um hina miklu erfðasynd aðgreiningarkenndarinnar; það er hún sem er yfirunninn þegar maðurinn leyfir “tilhneigingunni til samfjöllunar” að streyma um sig sem guðlegan mátt, og hafa þannig mótandi áhrif á breytni sína. Þessi guðlega hneigð hefur myndað hinar ómeðvituðu frumhvatir allt frá dögum þróunarinnar. Nú getur mannkynið lagað sig að þeim á meðvitaðan hátt og þannig flýtt fyrir þeim tíma þegar sannleikurinn, fegurðin og hið góða mun ríkja.
- Nemar og lærisveinar nú á tímum hafa það verkefni að greina þessar tilhneingar, og þá sérstaklega tilhneiginguna til sameiningar. Starf Helgivaldsins snýst að miklu leyti um þetta, og þeir og við verðum að rækta þessa tilhneingingu hvar sem hana er að finna. Athugið að verkið verður að vinna á vitsmunalegan hátt, án nokkurrar þvingunar og eðlilega án þess að brjóta í nokkru gegn lögmáli kærleikans.
- Þegar þekkingar hefur verið aflað og ljósglampi skilnings hefur kviknað, á því andartaki hefst ábyrgð mannsins.
- Verkið felst í því að yfirfæra hina skynjuðu guðlegu sálrænu eigind á lífið í forminu, sem sjálft býr yfir sínum eigin sálrænu venjum, og það mun reyna til hins ýtrasta á hæfni allra lærisveina. Til þessa erum við kölluð, vegna hinnar stærri heildar.

B. Eiginleiki hinnar duldu Sýnar.

- Ákaflega erfitt er að tjá þennan eiginleika, og ekki er auðvelt að finna orð sem maðurinn getur skilið, því við erum ekki að tala um þá mynd sem maðurinn gerir sér af Guði, heldur hvernig Guð sjálfur sér ætlunarverk sitt. Um aldir hefur mönnum birst sýn, þeir hafa séð hana og sameinast henni eftir mikla baráttu og viðleitni. Andlegir leitendur hafa borið vitni um þessa sýn, og allt sem gætt er fegurð og litadýrð í heimi náttúrunnar og heimi hugsunarinnar bera henni þögult vitni. En hvað er hún? Hvernig á að skilgreina hana? Mönnum nægir ekki lengur að nefna hana Guð, og þeir hafa rétt fyrir sér, því *hún er*, þegar allt kemur til alls, *það sem Guð stefnir að með allri sinni viðleitni*.

- Miklir Guðssynir hafa komið og horfið á braut, og hvatt okkur til að fylgja ljósinu, leitast við að sjá raunveruleikann, opna augun og sjá sannleikann eins og hann er.
- Um aldir hafa menn leitast við að fylgja þessu, og þeir hafa nefnt leitaradferð sína mörgum nöfnum: lífsreynslu, vísindalega rannsókn, heimspekilega íhugun, sögulega rannsókn, trúariðkun, mystíska upplifun, dulfræðilega hugleiðslu og mörgum öðrum nöfnum.
- Sumir hafa lent í völuandhúsi geðrænna fyrirbrigða og verða að halda leit sinni áfram síðar, þegar þeir hafa ratað út, hertir og skírðir í djúpi Hinnar miklu blekkingar.
- Aðrir hafa leiðst inn í hinn dimma helli efnishyggju og skynhyggju, og þeir þurfa einnig að snúa við og breyta um stefnu, eða ef til vill að ganga sína braut til enda, því hver er slíkur að geta sagt hvort Guð sé hér eða þar, eða hvaðan hægt er að sjá sýn Hans?
- Sumir hafa týnt sér í hugsunum og sjálfsköpuðum ímyndunum, og sýnin hverfur á bak við orðaflaum, bæði í rituðu og mæltu máli.
- Enn aðrir villast í skýjum sinnar eigin tilbeiðslu og sjálfsvitundar og þokukennendum tilgátum huga síns og langana. Þeir eru staðnaðir, týndir í þoku sinna eigin drauma um hvernig Sýnin ætti að vera, og þannig sleppur hún frá þeim.
- Aðrir - guðfræðingar allra hugmyndastefna - hafa leitast við að skilgreina sýnina og unnið að því að afmarka dulið markmið og ætlun Guðs í form og helgisiði, og segja með áherslu: “Við vitum.” Samt hafa þeir aldrei snert raunveruleikann, og sannleikurinn er þeim enn óþekktur. Möguleiki *Sýnarinnar*, sem liggur handan við hugsýn launspekingsins, gleymist í öllum formunum sem byggð eru í tímans rás; og táknið úr fræðslu Guðssona, þeirra sem hafa séð raunveruleikann, hverfa bak við helgisiði og siðvenjur. Helgisiðirnir hafa sitt fræðslugildi, en þá verður að nota til að opinbera en ekki til að dylja.
- Sýnin er ætíð framundan; hún sleppur úr hendi okkar; hún svífur yfir draumum okkar og hátindum andlegrar leitar. Það er ekki fyrr en maðurinn getur lifað og starfað sem sál, og getur beint þroskuðu innra auga sínu út á við inn í heim hlutveruleikans og inn á við inn í heim raunveruleikans, að hann getur byrjað að skynja hinn sanna tilgang og markmið Guðs og séð bregða fyrir glampa af eðli og áætlun Guðs sjálfs, sem Hann svo fúslega lagar Líf sitt að, en grundvöllur að því Lífi er eilíf fórn Hins kosmíska Krists.
- Á okkar dögum snýst athygli Helgivaldsins fyrst og fremst að þessum tveim guðlegu tilhneigingum - samfjöllun og sýn. Markorðin eru *sameining* og *sjón*. Afleiðingin af þessu starfi fyrir mannkynið verður sameining sálar og persónu, og vöknun þeirrar innri sýnar sem gerir glampa af Raunveruleikanum kleift að síast inn í vitund mannsins. Það er ekki glampi af hans eigin guðdómleika og ekki glampi af sköpunarmætti Guðs. Það er glampi guðdómleika heildarinnar, sem vinnur að mun stærra heildarkerfi þróunar en skörpustu hugsuðum jarðar hefur verið unnt að ná tökum á eða skynja. Hann snertir sýnina sem veitist mannum sem öðlast Nirvana og leggur út á fyrsta áfanga þeirrar óendanlegu Brautar sem liggur í átt til fegurðar, skilnings og þroska og er enn ósnert af æðsta sjónhæfileika mannsins.
- Benda má á að handan þeirrar uppljómunar, sem mannum er unnt að öðlast, liggur það sem nefna mátti þroskun guðlegrar *innsýnar*. Það er því um að ræða eftirfarandi þroskamöguleika sem hver um sig hefur í för með sér vitundarvíkkun, og færir manninn nær og ákveðnar inn í hjarta og huga Guðs:
 - Eðlishvöt
 - Vitsmunir
 - Innsæi
 - Uppljómun
 - en allt þetta leiðir til *Innsýnar*.

- Þessi orð, sett fram í þessari röð, skýra ef til vill betur fyrir okkur staðreyndina um sýn Guðs sjálfs. Meira er okkur ekki unnt, fyrr en öll þessi orð hafa fengið einhverja hagnýta merkingu í innri reynslu okkar sjálfra.
- Þessi eiginleiki innri sýnar, sem Helgivaldið er að leitast við að nota og rækta í sálum manna, er tjáning á lögmáli hins stöðuga áframhalds, en óljósa endurspeglun af því má greina í orðinu *þrautseigja* sem svo mikið er notað af lærisveinum. Þetta lögmál felur í sér getu Guðs til viðvaranleika og “að vera í birtingu”. Það er ein eigind hins kosmíska kærleiksgeisla, á sama hátt og öll þau lögmál sem við erum nú að fjalla um í tengslum við reglur sálarlífs, tilhneingingu guðdómsins og hins guðlega lífs.
- Þetta lögmál hins viðvarandi áframhalds byggist á skýrari sýn Guðs og þeirri samfelldni í áætlun Guðs og markmiði sem leiðir af því að Hann sér tilganginn skýrar og formaðan í einföldum og greinilegum dráttum.
- Af framangreindum vísbendingum má sjá hvernig starf Helgivaldsins í tengslum við mannkynið skiptist í tvo hluta: starf með einstaklingum sem miðar að því að vekja þá til sálarvitundar, og svo starf með þeim á sálarsviðinu (þegar þeir geta farið að starfa sem sálar og meðvitaðar einingar í ríki Guðs) sem miðar að því að þeir geti byrjað að sjá tilgang Guðs sjálfs. Þessi seinni hluti starfs Helgivaldsins hefur ekki verið mögulegur í neinum stórum mæli fyrr en nú, um leið og menn byrja að bregðast við tilhneigingunni til samfjöllunar og hinu guðlega lögmáli samloðunar, svo að þeir geta, sameinaðir í heildistengslum sínum, skynjað sýnina og brugðist við lögmáli hins viðvarandi áframhalds.
- Hér er gefin vísbending um hinn sanna framtíðarmöguleika heildishugleiðingar. Ekki er unnt að segja meira um þetta efni.

C. Hvötin til að mynda áætlun.

- Þessi hvöt er augljóslega afleiðing eða framhald af fyrri tilhneigingunum tveim. Greina má endurspeglun hennar í hinum fjölmörgu smáu áætlunum og umstangi mannsins þar sem hann lifir sínu smáa lífi eða þeytist hingað og þangað um plánetuna, önnum kafinn við að sinna sínum örsmáu persónulegu málefnum. Í þessum almenna hæfileika mannsins til að starfa og skipuleggja má sjá tryggingu þess að í manninum er að finna hæfni til að bregðast við áætlun og sýn Guðs í heildisstarfi. Frumstig eða fyrsti vísir allra þessara guðlegu hvata og tjáningar á vitund og varurð Guðs endurspeglast í mannkyninu nú á tímum. Ekki er ætlun mín að útskýra fyrir ykkur skilning minn á áætlun Guðs. Sá skilningur takmarkast að sjálfsögðu af hæfni minni. Ég skynja hana aðeins óljóst, og aðeins sjaldan og ógreinilega bjarmar fyrir megindráttum hins feiknarlega markmiðs Guðs í huga mínum. Aðeins Helgivaldinu er unnt að skynja, sjá og þekkja Áætlunina í sannleika, og þá eingöngu í heildisstarfi og af þeim meisturum sem geta starfað með fullri mónadvitund. Aðeins þeir eru byrjaðir að skilja hvað hún er. Aðrir lærisveinar og vígsluhafar í Helgivaldinu verða að láta sér nægja að starfa saman að framgangi þess nánast hluta Áætlunarinnar sem þeir geta greint og er miðlað til þeirra frá uppljómuðum hugum leiðtoga þeirra á sérstökum tilteknum tímum. Slíkur tími var árið 1933 og annar slíkur tími mun verða árið 1942. Á þessum stundum, þegar Helgivaldið safnast saman í hljóðri einingu, er hluti af sýn Guðs og útfærslan á þeirri sýn í nánustu framtíð opinberuð fyrir næsta níu ára tímabil. Í fullu frelsi og fullkominni gagnkvæmri samvinnu leggja þeir á ráðin um framkvæmd á því markmiði sem leiðtogar Helgivaldsins hafa sett, sem sjálfir eru í náinni samvinnu við enn æðri Krafta og Vitsmunaverur.
- Það sem hér hefur verið sagt mun að líkindum vekja mikinn áhuga hjá þeim nemum sem hafa ekki enn stillt sig inn á hin æðri gildi. Óskandi er að allir þeir sem lesa þetta átti sig á

Því að þetta er sá hluti kaflans sem hefur minnst gildi og kemur að minnstum notum. Takið eftir því að þessar upplýsingar hafa ekkert hagnýtt gildi fyrir ykkur. Sumir gætu því spurt: Til hvers er þá verið að veita þessar upplýsingar? Ástæðan er sú að þetta efni er ætlað lærisveinum og vígsluhöfum framtíðarinnar, og allt það sem hér er sett fram er hluti af þeim sannindum sem æskilegt er að verði opinberuð. Þau koma fram nú á þessum tímum í gegnum marga farvegi og frá mörgum uppsprettum - slík eru undrin og slíkur mátturinn sem býr að baki viðburða heimsins!

- Þessi hvöt Guðdómsins er nátengd hagkvæmnilögmálinu og er birting á lögmáli efnishyggjunnar. Maðurinn þarf að rannsaka og leitast við að skilja hana og virkja með réttu hugrænu starfi undir áhrifum frá Atma eða andanum. Lögmál hins stöðuga áframhalds verður að gera að meðvitaðri vitneskju með réttri notkun tilfinninga eða hins geðræna eðlis undir áhrifum frá Búddhi. Að síðustu þarf maðurinn að virkja tilhneiginguna til samfjöllunar í heilavitund sinni á efnissviðinu undir áhrifum frá mónadinum, en sönn tjáning hennar og rétt svörun mannsins við henni er þó aðeins möguleg eftir þriðju vígsluna. Svo augljóst má vera að þetta efni er vissulega skrifað fyrir framtíðina.
- Með þessu höfum við fengið margt til að hugsa um og hugleiða. Leitum að þræðinum gullna sem mun leiða okkur vitandi vits inn í fjárhirslu sálna okkar. Lærum að sameinast þar öllu lífi, sjá fyrir okkur sýn heildarinnar, að svo miklu leyti sem okkur er mögulegt, og starfa eftir áætlun Guðs, eins og við þekkjum hana fyrir hjálp þeirra sem vita.
- Þessar fornu reglur varða eðli sálarinnar og eru þau lögmál sem móta líf hennar. Það er ástæðan fyrir því að við tökum þetta efni fyrir.
- Á sínu sviði þekkir sálin ekki aðskilnað og samfjöllun ræður öllum samskiptum sálna. Hið ytra form sem sýnin kann að taka er ekki hið eina sem vekur áhuga sálarinnar, því hún hefur einkum áhuga á eiginleikanum og merkingunni sem sýnin hjúpar eða dylur. Sálin þekkir Áætlunina; form hennar, megindrættir, aðferðir og markmið eru þekkt.
- Sálin skapar með hinu skapandi ímyndunarafli; hún byggir hugform á hugar sviðinu og hlutkennir þrá á geðsviðinu. Því næst hefst hún handa við að raunbirta hugsun sína og þrá á efnissviðinu með kraftbeitingu sem efld er með skapandi mætti ímyndunar etherlíkamans.
- Sálin er vitsmunir, mótaðir af kærleik, því getur hún beitt greiningarhæfni með dómgreind og valið og hafnað, að svo miklu leyti sem samfjöllunareiginleikinn sem ræður starfi hennar leyfir. Sálin sækist einnig eftir því sem er henni æðra og leitast við komast í snertingu við heim hinna guðlegu hugmynda, og á þann hátt staðsetur hún sig mitt á milli heims hugmyndanna og heims formanna. Í því felast bæði erfiðleikar hennar og tækifæri.
- Að þessu leyti einkennist líf sálarinnar af þeim þáttum sem móta hana. Gildi þessa felst í þeirri staðreynd að þessir þættir verða að taka þátt í lífi persónunnar á braut lærisveinsins. Þeir verða að móta svo hið lægra eðli að líf mannsins, sorgir, langanir og hugsanir falli að hinum æðri hvötum sálarinnar. Allir leitendur verða að vekja hjá sér hæfni til að sjá heildina en ekki eingöngu smá hluta hennar, og líta á líf sitt og áhrifasvið út frá tengslum þess við heildina en ekki út frá sjónarmiði hins aðgreinda sjálfs. Ekki aðeins þarf hann að sjá sýnina (því það hafa allir launspekingar gert), heldur verður hann að skyggjast handan við hana og greina þá eðlislægu eiginleika sem gefa sýninni sitt gildi og merkingu.
- Hvötin til að mynda áætlun, sem er eðlislægur eiginleiki allra og mjög svo ráðandi í lífi hins þroskaða, verður að lúta fyrir tilhneigingunni til að mynda áætlun sem er samstillt Áætlun Guðs, eins og Helgivald plánetunnar tjáir hana. Þegar tímar líða veldur þetta þörf til að skapa merkingarbær form sem munu umbreyta illu í gott og valda ummyndun lífsins. Til að koma þessu í verk innan Áætlunarinnar og átta sig jafnframt á þeirri grundvallarsamfjöllun sem líf okkar byggist á, verður lærisveinninn að læra að greina, velja og finna þá þætti, eiginleika og krafta sem nota þarf með skapandi hætti við efnisbirtingu Áætlunarinnar sem byggð er á hinni skynjuðu sýn.

- Rétt er að íhuga þetta samband manns og Helgivalds með tilstilli sálarinnar. Helgivaldið var stofnsett með það markmið í huga að gera formbirtingu hinnar skynjuðu Áætlunar og guðlegu sýnar mögulega. Maðurinn stendur einnig á miðpunktinum þegar hann stuðlar að birtingu sannleikans, og hann verður að meðhöndla hinar miklu andstæður þegar hann skapar hinn nýja heim.
- Þegar við leggjum stund á þessar reglur um sálarstjórn, ætti ekki að vera nauðsynlegt að endurtaka stöðugt eftirfarandi þrjár grundvallarreglur um tengsl sálarinnar:
 1. Tengslin við aðrar sálir innan hins umlykjandi lífs Yfirsálarinnar. Með skilningi á þessum tengslum öðlumst við hagnýta þekkingu á þeirri staðreynd að allar sálir eru ein Sál.
 2. Tengslin við Helgivald ráðandi sálna. Þó svo þetta Helgivald feli í sér alla þá sjö þætti sem mynda frumskiptingu hins Eina Lífs, sem vitundar, verður þó að hafa í huga að Það er í eðli sínu birting á viljaþætti Logossins - viljans til góðs, viljans til kærleiks, viljans til þekkingar og viljans til sköpunar. Þessum vilja þjónar inn alheimslegi hugur guðdómsins, en hann er þó tjáning enn æðri vitundar, sem guddómurinn tekur þátt í. Hugmynd þessi er vissulega ofar okkar skilningi, en við þurfum að hafa í huga að þessi hluti bókarinnar er ætlaður framtíðinni en ekki eingöngu okkar skilningi nú á tímum.
 3. Tengslin við Áætlun Guðs eins og hún kemur fram nú á tímum.
- Þessar hugsanir ættu að duga til að mynda ramma fyrir það sem nú ætti að vera orðið ljóst. Það er gagnlegt að beina vitundinni stundum aftur að miðpunktinum, þegar hugurinn ferðast um vítt svið. Samfjöllun hinna guðlegu hugmynda, myndin af megindráttum uppbyggingarinnar og áætlunin varðandi formbirtingu hennar - þessi atriði ráða lífi sálnanna á sínu sviði, móta starf þeirra, og eru þeir þættir (innan sinna takmarka) sem móta og takmarka guddóminn í tíma og rúmi, því þannig er hinn guðlegi Vilji.
- Ef við skoðum þetta frá öðru sjónarhorni, þá eru það þessar reglur um sálar tengsl sem setja taktinn og ákvarða tíðnina á lífi Guðs, þar sem það dynur stöðugt á hinni lægri tíðni og þurrkar hana út um síðir. Þetta gerist hjá einstaklingnum; það mun gerast hjá mannkyninu í heild sinni einhvern tíma; það mun að síðust ákvarða líf, markmið og starfsemi allra forma á plánetunni.

D. Hvötin til skapandi lífs

- Þessi skilningur fær okkur til að íhuga nokkuð nánar fjórða atriðið, eða hvötina til skapandi lífs með guðlegri hagnýtingu ímyndunarafslsins. Eins og við höfum séð er mannkyninu nauðsynlegt að skilja að handan hins ytri formheims er innri heimur merkingar, - handan þess sem nefnt hefur verið “heimur þess sem virðist”. Næsta skref mannkynsins er að uppgötva þennan innri heim merkingar. Hingað til höfum við, sem kynstofn, fengist við táknið, en ekki það sem það stendur fyrir og er ytri birting fyrir. En við höfum nú að mestu þurrausið áhuga okkar á hinu áþreifanlega tákni og erum nú að leita þess sem hinum ytri heimi er ætlað að tjá.
- Margt hefur verið rætt um hina komandi opinberun, eða innsæislegan skilning á því sem hingað til hefur aðeins verið óljóst í vitund manna. En í þessum væntingum manna gleymist að engin þörf er á því að leita langt inn eða út. Það sem mun opinberast er allt í kringum okkur og hið innra með okkur. Það felst í gildi þess sem formið birtir, í merkingu þess sem er handan við hina ytri birtingu, í raunveruleikanum sem táknið hjúpar og sannleikanum sem efnið felur í sér.

- Það er aðeins tvennt sem gera mun mönnum kleift að skyggnast inn í heim orsaka og opinberunar, en það er:
- Í fyrsta lagi stöðug viðleitni sem byggist á innri hvöt til að skapa þau form sem munu tjá hinn skynjaða sannleika. Með slíku starfi er athyglinni stöðugt beint frá hinum ytri heimi þess sem virðist að innri hlið viðfangsefnisins. Þannig verður til vitundarstefna sem smám saman verður stöðug og varanleg og beinist frá þeirri einhliða útræðni sem nú er almennt ríkjandi. Vitund vígsluhafans fæst að mestu leyti við innri samskipti og áhrif, en er mun síður bundin við hina ytri skynjun. Með því að leggja rækt við áhugann á hinum innri veruleika er hinn andlegi leitandi ekki eingöngu að valda verulegum breytingum á sinni eigin vitund, heldur er hann einnig að stuðla að aukinni áherslu á þann skilning í vitund mannkynsins, að heimur merkingar sé hinn eini raunverulegi heimur mannkynsins. Þetta mun leiða af sér tvennt:
 - Að formbirtingin mun aðlagast betur þeim meginþáttum sem eru frumorsök ytri birtingar hennar.
 - Að sönn fegurð mun birtast í auknum mæli í heiminum, og því verður aðlögun hinna sköpuðu forma að hinum innri sannleika nánari og gerir birtingu hans í gegnum þau greiðari. Segja má að guðdómurinn dyljist bak við fjölda og margbreytileika formanna, og í þeim einfaldari formum sem þróast munu smátt og smátt, verður nýja fegurð að finna, auðveldari skynjun sannleikans og greinilegri opinberun á markmiði og ætlun Guðs.
- Í öðru lagi stöðug viðleitni til að gera sjálfan sig næmari fyrir heimi hinna markverðu sanninda, og mynda þannig form á hinu ytra sviði sem tjá munu betur hina duldu frumhvöt. Þessu er áorkað með því að leggja rækt við ímyndunaraflíð. Enn veit mannkynið lítið um þennan hæfileika sem dylst óvirkur meðal allra manna. Á hástundum virkrar athygli brýst fram fyrir hinni fínstilltu vitund listamannsins opinberun lita, fegurðar, visku og dýrðar sem er handan orða, og í fáein andartök sést lífið eins og það sannlega er í eðli sínu. En sýnin hverfur, fögnuðurinn dvínar og fegurðin bliknar. Aðeins minningin lifir og tilfinningin fyrir því að hafa misst og glatað, en vissan um þekkinguna og löngunin til að tjá þann veruleika sem hann snerti er enn fyrir hendi. Hann verður að ná sýninni aftur og tjá hana fyrir þeim sem ekki hafa öðlast þessa reynslu. Hann verður að tjá hana í einhvers konar formi til að gera öðrum ljósan raunveruleika þess sem býr handan hinnar ytri birtingar. En hvernig getur hann öðlast aftur það sem hann áður hafði en virðist nú handan seilingar? Hann verður að skilja að það sem hann sá og snerti er enn á sínum stað og virkur veruleiki; það er í raun og veru aðeins hann sjálfur sem hefur dregið sig til baka en ekki sýnin. Verkefni hans felst í því að þjálfra skynjunina, og aftur og aftur verður hann að ganga í gegnum öll stig einbeitni og ákafa, og þá erfiðleika sem þeim fylgja, þar til skyntækin hafa vanist hærri sveiflutíðni og geta ekki aðeins skynjað og snert, heldur einnig viðhaldið og náð sambandi að vild við hinn dulda heim fegurðar. Þroski hæfninnar til að tengjast, viðhalda og miðla byggist á þrennu:
 - Fúsleika til að þola sársauka opinberunarinnar.
 - Hæfni til að viðhalda því háa vitundarstigi sem er forsenda opinberunarinnar.
 - Getu til að beita ímyndunarhæfileikanum á það sem opinberunin birtir, eða á eins stóran hluta hennar og heilavitundin getur tekið við inn í hið upplýsta svið ytri þekkingar. Tenging heila og huga felst í ímyndunarhæfninni eða sjónmyndunarhæfileikanum og á því byggist raunbirting hinnar hjúpuðu dýrðar.

- Ef listamaðurinn hugleiðir þessar þrjár forsendur — þrautseigju, íhugun og ímyndun — mun hann efla með sér getuna til að bregðast við þessari fjórðu reglu sálarstjórnar, og gera sér grein fyrir því að í sálinni felst leyndardómur þrautseigju, opinberun afraksturs íhugunar og sköpun allra forma á hinu efnislega sviði.
- Sönn listsköpun er sálareiginleiki; brúnasta verkefni listamannsins er því samstilling, hugleiðing og einbeiting athyglinnar að heimi merkingar. Þessu fylgir svo viðleitni listamannsins til að tjá guðlegar hugmyndir í viðeigandi formi. Samhliða þessu fylgir stöðug þjálfun hans við að bæta, fræða og þjálfra tækin sem hann beitir á efnissviðinu og miðla flæði andagiftar, eða heila, hönd og rödd.
- Eitt verkefna hinnar nýju sálarfræði er að átta sig á gildi snillinga og þeirri tækni sem þeir beita. Snilligáfa er ætíð birting sálarinnar í einhvers konar skapandi starfi, sem opinberar hinn dulda heim merkingar, guðdómleika og fegurðar. Sá dagur mun koma að hinn ytri heimur hlutveruleikans mun birta þennan heim í sannleika, en nú á tímum er hann sem huliðshjúpur.

E. Þáttur greiningarhæfninnar

- Fimmti mótandi þáttur eða eiginleiki sálarinnar er *greiningarhæfnin*. Hafa verður í huga að hún er ráðandi lögmál í ríki manna. Greining, valhæfni, flokkun og hæfni til aðgreiningar eru allt guðlegar eigindir. Þegar þær valda aðskilnaðarkennd og mismunun er um að ræða örvun þeirra á persónulegum svörunum, sem leiðir til misnotkunar þeirra á persónulegum nótum. Þegar þeim hins vegar er haldið innan sviðs samfjöllunar og þær hagnýttar innan Áætlunarinnar fyrir heildina eru þær sálareigindir og lögmál sem nauðsynleg eru fyrir rétta framþróun guðlegra markmiða. Áætlun Guðs verður að veruleika með því að *nýta áherslu rétt*, og með því að leggja áherslu á einn þátt eða eiginleika ýtum við til hliðar eða geymum um stundarsakir annan þátt eða þætti. Þetta er eitt meginatriði lotulögmálsins eða tímaskeiðalögmálsins, sem meistarnir nýta í starfi sínu. Það krefst þess að þeir noti ætíð greiningarhæfnina og hæfileikann til að velja og hafna.
- “Fræ sérgreiningar”, eins og þau eru nefnd, eru meginþættir í birtingu heims hlutveruleikans. Helgivaldið vinnur með þess fræ eins og garðyrkjumaður með blómafræ, og frá þeim stafar hin nauðsynlega fjölbreytni formbirtingarinnar. Það er hlutverk Helgivaldsins að sá þessum fræjum, annast þau og rækta. Meistarnir verða fyrst og fremst að skilja hvaða merkingu vilji Guðs er að leitast við að tjá í sérhverju heimstímabili. Þeir verða að gera sér grein fyrir gildi orkustrauma og hvata sem stafa frá uppsprettu ofar þeirra eigin tjáningarsviði, og þeir verða að sjá til þess að fræ hinna nýju forma hæfi þeim tilgangi sem þau eiga að tjá. Þeirra hlutverk er að sjá til þess að hinn ytri raunveruleiki nálgist hinn innri raunveruleika nægilega mikið hvað útlit og eiginleika varðar. Allt þetta er gert mögulegt með skilningi á hlutverki greiningarinnar sem lögmáls sem ræður eða veldur sálarstjórn, bæði á sálar sviðunum og á hinu ytra sviði birtingarinnar. Þetta er eitt helsta verkefni Helgivaldsins og það krefst gríðarlegrar nákvæmni í stjórn hugans, innsæislegum skilningi og greiningarþrá. Við gerum margt verra en að íhuga þessar hugmyndir.
- Höfum í huga að greining ræður birtingu fimmta ríkis náttúrunnar, Guðsríkis, á hinu ytra sviði. Þessi birting gerir ráð fyrir því að gerður sé greinarmunur á fimmta ríkinu og hinum fjórum. Það er þó aðeins greinarmunur að einu leyti og hann liggur í stefnu vitundarinnar. Hér er fjallað um athyglisvert atriði, því að fimmta ríkið sker sig frá öðrum ríkjum að þessu leyti. Hin fjögur ríki náttúrunnar greina sig hvert frá öðru með mismunandi formbirtingu. Í fimmta ríkinu sést enginn munur í ytri formbirtingu, nema í auknum fínleika og betri eiginleikum. Ríki Guðs efnisbirtir sig í gegnum mannkynið, en aðgreining þess og fjórða

ríkisins sést aðeins á sviði vitundarinnar. Hin ytri birting er sú sama, en innan formsins er vitundin gerbreytt. Því vísar greiningarhugtakið í þessum skrifum til mismunandi vitundar en ekki mismunandi forms. Þetta er að sumu leyti ný hugmynd og það sem gefið er í skyn hefur ómælda þýðingu. Hér er að finna leyndardóminn að baki þeirrar áherslubreytingar sem er að verða meðal mannkynsins í áttina að hinum innri heimi merkingar og felur í sér nýja gerð varurðar og nýjan skilning mannkynsins á víðfeðmari heimi gilda. En það sem athygli vekur er að hér er um að ræða skynjun eða varurð sem flutt er fram á við inn í nýtt náttúruríki á sama tíma og hún er enn hluti hins gamla ríkis. Hér mun eiga sér stað hin nýja samfjöllun og hinn nýi samruni.

- Það er ekki þáttur í áætlun Guðs að þróa áfram ný form út í hið óendanlega. Mannkynið mun halda áfram því verkefni að fullkomna mannsformið, til að halda í við vöxt guðlegrar vitundar í manninum, en engin þörf er á því að algerlega nýtt form komi fram á sjónarsviðið samhliða þróun vitundarinnar. Áður fyrir fylgdi ný formbirting í kjölfar hverrar meiriháttar framþróunar vitundarinnar, en slíkt mun ekki lengur gerast. Samkvæmt hinni guðlegu áætlun fyrir þetta sólkerfi hefur margbreytni í formþróuninni sín takmörk, og á þessu heimstímabili var þeim mörkum náð með mannkyninu.
- *Nú og í framtíðinni mun vitundarþáttur Guðdómsins halda áfram að fullkomna formin í fjórða ríki náttúrunnar með tilstilli þeirra sem búa yfir vitundarstigi fimmta ríkisins.*
- Þetta er verkefni meistara Helgivaldsins. Þetta hlutverk var fengið í hendur Hinu nýja heildi heimsþjónenda sem getur orðið verkfæri fyrir vilja þeirra á efnissviðinu. Með starfi þessa heildis geta hinir guðlegu eiginleikar góðvilja, friðar og kærleiks aukist og eflst og tjáð sig í gegnum menn sem starfa í formi fjórða ríkisins á jörðinni.
- Þessi áhugaverðu atriði hafa verið rædd þar sem nauðsynlegt er að menn fái nokkurn skilning á þætti greiningar á sviði samfjöllunar. Verkefnið er erfitt og flókið, en skilningur á því sem að baki liggur mun fást eftir því sem mannkynið vex að visku og þekkingu. Hér erum við að ræða um þann skilning á Áætluninni sem vígsluhafar hafa öðlast.

F. Hinn eðlislægi eiginleiki mannsins til að vinna með hugsjónir

- Eðlishvöt, vitsmunir, innsæi, hugsjónamyndun og hugljómun eru aðeins mismunandi hliðar af einum mikilvægum og eðlislægum eiginleika mannsins, og hann er að finna í öllum formum í öllum ríkjum náttúrunnar en þó í mismunandi mæli. Hvort sem um er að ræða mátt hins örsmáa fræs, falið djúpt í myrkri jarðar, til að smjúga í gegnum umlykjandi hindranir og brjótast upp í ljósið, eða mátt mannsins til að rísa upp frá dauða í efni til lífs í Guði, og brjótast inn í heim raunveruleikans frá ríki hins óraunverulega, byggist hann á einum grunnþætti sem er máttur hugsjóna.
- Ný saga er smám saman að koma fram á sjónarsviðið, en það er sagan um fræ vitundarinnar í náttúrunni og vöxt hæfninnar til að skilja hugmyndir og þokast áfram til fullkomnunar þeirra. Þetta er hin nýja saga sem er — eins og búast má við — að færa okkur öruggum skrefum í áttina að heimi merkingar og opinbera fyrir okkur smám saman eðli þeirra hvata og tilhneiginga sem hafa leitt mannkynið allt frá stigi hins efnisþéttasta og frumstæðasta lífs til heims nærtrar skynjunar.
- Á þessu sviði starfa meistaramir og hvetja einnig lærisveina sína til að starfa þar. Mannkynið er rétt að byrja að vakna til vitundar um mátt hugmynda. Á komandi tímasteiði verður helsta viðfangsefni manna að fást við mátt hugmyndamótunar, formið sem hugmyndir þurfa að taka og að stuðla að mótun rétttra hugmynda.

G. Samspil hinna miklu andstæðuafla

- Þessi sjöunda regla er ein af grundvallarreglum sálarstjórnar og er nemum mjög erfið viðfangs. Hún felur í sér grundvallandi lögmál sálarlífs. Ástæða þess að svo erfitt er að skilja mótsögn sálareiningar í gegnum andstæðuöflin er sú að þegar rætt er um hina miklu andstæður hefur maðurinn um aldir lagt áherslu á andstæður geðheimsins og þörf mannkynsins til að velja hinn þrönga miðjustíg sem liggur á milli þeirra. Á orrustuvelli tvígreiningarinnar verður maðurinn að standa og finna hinn hárbeitta stíg sem liggur á milli hinna tveggja andstæðuafla. En í raun eru þessar andstæður aðeins endurspeglun æðri og guðlegri hliðstæðu. Lögmálið sem hér er til umræðu ræður sambandinu á milli lífs og forms, milli anda og efnis. Um þetta efni getum við ekki fjölyrt, því aðeins vígsluhafar sem hafa í sínu eigin lífi yfirstigið lægri endurspeglun andstæðnanna eru færir um að byrja á því verki að öðlast skilning á hinu sanna andlega gildi þessarar reglu sálarstjórnar í viðtækari og raunhæfari skilningi.
- Verkefni okkar er hins vegar að öðlast viturlegan skilning á sýninni, að svo miklu leyti sem hæfni okkar hvers og eins leyfir. Aðeins á þann hátt getum við öðlast lausn og einnig styrk til að lifa í þessum heimi og verða samferðamönnum okkar að einhverju liði.